



Samtökin 78

Alþingi

Erindi nr. Þ 115 11156

komudagur 5 / 5 1992

Reykjavík 4. maí 1992.

Félagsmálanefnd Alþingis
Rannveig Guðmundsdóttir, formaður
Alþingi

Fyrir hönd Samtakanna 78, félags lesbía og homma á Íslandi, sendi ég þér
umsögn félagsins um Tillögu til þingsályktunar um afnám misréttis gagnvart
samkynhneigðu fólki, 115. löggjafarþing - 193. mál.

F. h. Samtakanna 78


Þorvaldur Kristinsson

formaður

Félag lesbía og homma á Íslandi — The Icelandic Organization of Lesbians and Gay Men

Aðsetur / Locale
Lindargata 49
REYKJAVÍK

Póstfang / Address
P.O. Box 1262
IS - 121 REYKJAVÍK

Sími / Telephone
Ísl 91 28539
Ínt 354 1 28539

Efni: Umsögn Samtakanna 78, félags lesbía og homma á Íslandi, um Tillögu til þingsályktunar um afnám misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki, 115. löggjafarþing - 193. mál.

Samtökin 78 lýsa yfir eindregnum stuðningi við framkomna tillögu um afnám misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki og þakkar flutningsmönnum tillögunnar þetta mikilvæga framlag til mannréttindabaráttu á Íslandi. Félagið lýsir jafnframt stuðningi sínum við tillögu um val fulltrúa í nefnd er kanni stöðu samkynhneigðra og telur nauðsynlegt, eðli málsins samkvæmt, að hana skipi fulltrúar allra þeirra ráðuneyta sem nefnd eru ásamt fulltrúa hagsmunasamtaka samkynhneigðra.

Jafnframt bendum við á að óraunhæft er að gera ráð fyrir að nefndin geti starfað af þeirri virkni, sem til þarf þessu máli, nema eiga aðgang að starfskrafti um skemmri tíma til að vinna að innlendri gagnasöfnun og þýðingum erlendra gagna. Vel er við hæfi að sá starfskraftur yrði sóttur til einhverra þeirra ráðuneyta sem fulltrúa eiga í nefndinni eða að einhver nefndarfulltrúa tæki slíkt verkefni að sér.

Allt frá stofnun félags okkar árið 1978 hefur starf þess umfram annað beinst að því að benda á það misrétti sem viðgengst á Íslandi gagnvart lesbíum og hommum og berjast gegn því. Það ástand sem ríkt hefur allan 9. áratug aldarinnar – svo ekki sé minnst á fyrri tíma – elur leynt og ljóst á samskiptaörðugleikum samkynhneigðra við aðra og gerir hommum og lesbíum erfitt um að þroskast eðlilega og öðlast þá sjálfsvirðingu og það sjálfstraust sem þarf til að lifa mannsæmandi lífi. Í því sambandi hafa Samtökin 78 einkum bent á mikilvægi réttlátrar löggjafar og viðtækrar fræðslu á öllum sviðum þjóðlífsins til að tryggja samkynhneigðu fólki sömu lífsskilyrði og öðrum þjóðfélagsþegnum. Báðir þessir þættir eru samtengdir því ekki er hægt að rjúfa þá sjálfheldu, sem samkynhneigðum er stefnt í sökum ríkjandi fordóma og mismununar fyrir lögum, nema umræða og fræðsla njóti stuðnings af skynsamri lagasetningu.

Á hvað skal leggja áherslu?

Samtökin 78 leggja áherslu á nauðsyn þess að sú nefnd, sem ríkisstjórninni er falið að skipa til að kanna stöðu samkynhneigðra, taki fullt mið af báðum þessum þáttum – löggjafarmálum og fræðslumálum – í samræmi við þá greinargerð sem fylgir þingsályktunartillögunni.

Í ljósi þessa nefnum við þrjú atriði sem við teljum hvað mikilvægust að yfirvöld sinni til að bæta stöðu samkynhneigðs fólks:

- Sambúð milli tveggja af sama kyni njóti sömu réttarstöðu gagnvart lögum og löggild sambúð tveggja manneskja af gagnstæðu kyni.
- Samkynhneigðir njóti svipaðrar réttarstöðu og aðrir minnihlutahópar samfélagsins sem njótar sérstakrar lagalegrar verndar gegn órættlæti og misrétti.
- Bætt fræðsla og skipulagt upplýsingarstarf um líf og stöðu samkynhneigðs fólks, bæði í skólakerfinu og með útgáfu fræðslu- og upplýsingarita, aukið hlutverk ríkisfjölmiðla og bókasafna, svo og skýr stuðningur við menningarlegt framtak samkynhneigðra svo fátt eitt sé nefnt.

Til að vinna þetta verk þarf nefndin að gera nokkra grein fyrir ríkjandi fordómum og ranghugmyndum um homma og lesbíur. Enn mikilvægara er að hún geri úttekt á viðhorfum samkynhneigðra til sjálfra sín til að fá skýrt fram afleiðingar þeirra fordóma og ranghugmynda

sem ríkja í samfélaginu. Þar þarf í fyrsta lagi að kanna viðhorf samkynhneigðra til sjálfra sín, þar sem lágt sjálfsmat og sjálfsfyrirlitning birtist skýrt; í öðru lagi þarf að kanna samskipti samkynhneigðra innbyrðis og hvernig ferli kúgunarinnar birtist þar; og í þriðja lagi þarf að kanna samband samkynhneigðra við gagnkynhneigða, en síðast talda atriðið afhjúpar hvað skýrast misréttið gagnvart okkur hommum og lesbíum.

Misrétti og kúgun

Á hverju ári leitar mikill fjöldi fólks til Samtakanna 78, bæði eftir félagsskap og aðstoð. Nokkur hundruð manns hafa árlega samband við starfsmenn félagsins vegna erfiðleika sem fylgja því að koma úr felum og höndla líf sitt gagnvart fjölskyldu, vinnu- og skólafélögum. Hlutverk okkar er þá fyrst og fremst að hjálpa fólki til skýrari sjálfsskilnings, gefa því kost á að tala um vandamál sín við einhvern sem staðið hefur í svipaðri stöðu og þekkir endurtekin vandamál. Í ráðgjöf okkar kemur hins vegar skýrt fram hversu ráðþrota við erum gagnvart beinu misrétti á opinberum vettvangi. Hér skulu nefnd dæmi um eðli þess misréttis sem berst inn á borð félagsins, félagsmálanefnd til glöggvunar:

1. Misrétti og einelti á vinnustað. Reglulega berast okkur sögur af því tagi. Yfirleitt þráast vinnuveitendur við að tilgreina hina eiginlegu ástæðu og viðkomandi er sagt upp fyrir „sakar-giftir“ sem reynast út í hött þegar málin eru brotin til mergjar. Þá stendur hreinlega aðeins eitt eftir og það er sagt hreint út ef á vinnuveitanda er gengið: Samkynhneigð viðkomandi manneskju er lýðum ljós og hún því ekki talin æskileg á þeim bænum. Þó þarf ekki alltaf að koma til uppsagna. Stöku sinnum fáum við dæmi af fólki sem hefur hreinlega gefist upp. Fólki er þá gert lífið svo leitt að það sér sér ekki fært að þrauka. Bendir þetta til þess að vinnuveitendur hafi þrátt fyrir allt orðið fyrir áhrifum af jákvæðari viðhorfum gagnvart samkynhneigðum og óttist að hampa fordómum sínum opinskátt. Nokkur dæmi höfum við þar sem atvinnuofsóknir tengjast beinlínis grun um alnæmissmit eða þegar hommar hafa gengið fram fyrir skjöldu í áróðri gegn alnæmi í forvarnarskyni án þess þó að vera smitaðir. Eins og kunnugt er þá eru íslensk vinnuverndarlög hér að engu haldi.

2. Misrétti á almennum leigumarkaði. Hér eigum við í fórum okkar nokkra átakanlega vitnisburði um uppsögn húsnæðis á leigumarkaði eftir að uppvíst var um kynhneigð þess sem í hlut átti. Yfirleitt hafði viðkomandi manneskja búið um lengri tíma í húsnæðinu án þess að leigusali bæri annað en góðan hug til hennar. Slík reynsla hrekur flesta samkynhneigða enn frekar í felur með ástir sínar og fjölskyldulíf og hefur iðulega haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir andlega heilsu þeirra.

3. Misrétti á almennum samkomustöðum, t. d. af hálfu dyravarða eða eigenda skemmtistaða. Síðustu tvö ár hafa samkynhneigðir verið boðnir velkomnir á sérstaka skemmtistaði í Reykjavík og hefur þá ofsóknir þessar lægt til muna, enda mikið offramboð á skemmtunum og hörð samkeppni í gangi í Reykjavík allt frá 1988. En fyrir þann tíma leið varla svo vika að samkynhneigðu fólki væri ekki úthýst á skemmtistöðum fyrir það eitt að vera „þekkt andlit“, þ. e. opinberir hommar eða lesbíur. Skemmtistaðaeigendur reyndu að ala á hatri í garð samkynhneigðra með því að skírskota til þeirra á fjandsamlegan hátt í auglýsingum sínum og líkamlegar misþyrmingar á samkynhneigðum gestum voru reglubundinn viðburður. Hversu lengi skemmtistaðir berjast um hylli gesta sinna er óvíst, og með vaxandi gengi slíkra staða er víst að samkynhneigðir munu aftur sitja við sama borð og áður hvað snertir ofsóknir á skemmtistöðum.

4. Misrétti af hálfu opinberra aðila, t. d. embættismanna á borð við lögreglu. Árið 1985 vísaði t. d. ríkissaksóknari á bug kæru homma á hendur skemmtistaðaeiganda og gerði það á þeim forsendum að þeir væru „þekktir félagar í Samtökunum 78“. Þá má hér nefna vitnisburði um misrétti og niðurlægingu gagnvart samkynhneigðu sambúðarfólki við sjúkrahúsvistun og dauðsfalla maka, þar sem réttur sambúðarfólks af sama kyni er enginn varðandi aðgang að gjörgæsludeildum eða við lögskyldar framkvæmdir sem tengjast dauðsfalli, útförum og frágangi sameiginlegs heimilis við dauða annars aðila.

5. Misrétti og einelti í skóla eða í félagahóp á unglingsárum. Um árabíl bárust félaginu fá tíðindi af slíku, en eftir því sem ungir hommar og ungar lesbíur vakna til vitundar um sjálfsögð mannréttindi sín fjölgar slíkum dæmum. Oftar en ekki eru þessir vitnisburðir af landsbyggðinni. Fjöldamargir sem leita til félagsins með þessi mál eru illa á sig komnir andlega og félagslega og eiga í miklum samskiptaörðugleikum við fjölskyldur og vini, svo ekki sé talað um vanda þeirra innan skólastofnananna. Sumir hafa flosnað upp úr námi í framhaldsskólum vegna ofsókna félaganna. Tilraunir til sjálfsmorða eru skjalfestar í tengslum við nokkra slíka vitnisburði. Þessi þáttur undirstrikar nauðsyn þess að auka fræðslu um samkynhneigð meðal unglinga og kanna hvernig skólar sinna skyldu sinni við samkynhneigða nemendur, svo og það að kanna hvaða áhrif hómófóbían – hinn blindi og órökstuddi ótti við samkynhneigða – hefur á stöðu lesbía og homma í skólum hér á landi. Því eins og kveðið er á í grunnskólalögum er það skylda skólakerfisins að búa hvern einstakling undir það að meta og virða persónu sjálfs sín og annarra. Undan þeim þætti verður kynhneigðin ekki skilin eigi ungir hommar og ungar lesbíur að komast til þroska og njóta sömu mannréttinda og aðrir Íslendingar.

Félagar í Samtökunum 78, sem hafa þjálfað sig til að sinna fræðslu um samkynhneigð, hafa á liðnum árum haldið nokkra fræðslufundi í skólum að ósk nemenda og kennara og kynnst því þar hvernig vönduð fræðsla vinnur á fordómum. En ekki er síður nauðsyn að kanna ástand fræðslumála í menntun einstakra starfsstétta og leggja á ráðin um úrbætur þar. Hér má nefna stéttir lækna, hjúkrunarfræðinga, kennara, sálfræðinga, félagsfræðinga og presta. Einstaklingar úr þessum stéttum kvarta stundum yfir því við okkur að fáfræði þeirra um samkynhneigð geri þeim illmögulegt að sinna störfum sínum á viðunandi hátt þegar samkynhneigður skjólstæðingur á í hlut.

En innan fræðslukerfisins kemur alltaf annað slagið upp ódulinn fjandskapur í garð samkynhneigðra og skilningsleysi á gildi fræðslu. Fyrir nokkrum árum bannaði skólastjóri Hjúkrunarskóla Íslands fræðslufund með Samtökunum 78 sem nemendur höfðu óskað eftir. Þessi aðgerð skólastjórnarinnar hlaut stuðningsyfirlýsingu í fjölmiðlum frá ráðuneytisstjóra í menntamálaráðuneytinu. Í afstöðunni til mikilvægis hispurlausrar fræðslu hefur stuðningur Landlæknis á tímum alnæmis verið mikilvægt framfaraspor.

6. Misrétti í fjölskyldu. Þetta er sá þáttur sem erfiðast er að kanna og leita upplýsinga um því að samkynhneigt fólk stendur ansi dyggan vörð um upplýsingar af misrétti og niðurlægingu þeirri sem hinir nánustu beita þegar þeir neita að horfast í augu við staðreyndir lífsins. Samt fjölgar vitnisburðum um þennan þátt og þar á meðal eru heimildir um tilraunir til að takmarka umgengnisrétt homma við börn sín og tilraunir til útskúfunar úr fjölskyldu. Á þessu erfiða máli verður ekki tekið af gagni í samfélaginu nema með almenntri fordómalausri fræðslu, t. d. í bókum og öðrum fjölmiðlum.

Að lokum

Hér hefur verið tæpt á nokkrum atriðum sem Samtökin 78 telja að leggja beri áherslu á í starfi nefndar sem ætlað er að kanna stöðu samkynhneigðs fólka á Íslandi. Í kaflanum um misrétti og kúgun er þó margt ónefnt sem okkur þykir liggja hvað helst í augum uppi – svo sem lagalegt

réttleysi gagnvart tveimur af sama kyni í sambúð eða kúgun tungumálsins (nú leyfist okkur loksins eftir langt stríð að nota orðið hommi í auglýsingum ríkisútvarpsins en ekki orðið lesbía!!). Þess í stað er lögð áhersla á að lýsa hér þeim þáttum misréttisins sem færri gera sér grein fyrir sökum þess hve hljótt þeir fara.

Dæmin sem hér hafa verið nefnd undirstrika líka hversu brýnt er að hrinda nefndarstarfi í framkvæmd og gera mannréttindamál lesbía og homma að máli alls samfélagsins. Samtökin 78 hafa riðið á vaðið, en ábyrgðin er okkar allra því í flestum fjölskylduboðum þessa lands er staddur hommi eða lesbía þó að margir geri sér ekki grein fyrir því. Þau eiga líka rétt á því að láta sér líða vel með sínum.

Við undirstrikum enn tvo grundvallarþætti þessa máls: **Bætta löggjöf** til samræmis við löggjafir í nágrannalöndum okkar og **viðtæka lögboðna fræðslu**. Lög og ályktanir þjóðþinga okkur í hag eru afar mikilvæg því þjóðþing hvers lands markar þá mannasiði sem hver þjóð skal setja sér. En lagasetningar munu aldrei útrýma kúgun og misrétti einar og sér. Fordómalaus umræða og upplýsing að frumkvæði fræðslufirvalda svo og markviss stuðningur við samtök samkynhneigðra til fræðslustarfs þarf þar einnig að koma til.

Samþykkt þeirra þingsályktunartillögu sem hér liggur fyrir Alþingi er ómetanlegt spor í átt til jafnréttis samkynhneigðra og gagnkynhneigðra á Íslandi og ítrekar því félag okkar eindreginn stuðning við hana.

F. h. Samtakanna 78
félags lesbía og homma á Íslandi


Þorvaldur Kristinnsson
formaður